



Sláturfélag Suðurlands Ársskýrsla 2008



Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2008

Stjórn:

Jónas Jónsson, Kálfholti, formaður
Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, varaformaður
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, ritari
Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum

Varastjórn:

Kristinn Jónsson, Staðarbakka
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I
Björn Harðarson, Hólti I
Guðmundur Jónsson, Reykjum

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Arnór Karlsson, Arnarholti
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III

Varaskoðunarmenn:

Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Gréta Björg Blængsdóttir, markaðsdeild

Matthías H. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf.

Umsjón: Fjármáladeild SS
Hönnun: Ísafoldarprentsmiðja
Mynd á kápu: Skaftafell, Þjóðgarður
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja
Prentað á umhverfisvænan pappír



ÁRSSKÝRSLA 2008

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.
102. STARFSÁR
AÐALFUNDUR 27. MARS 2009

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	2
Afkoma ársins	2
Rekstur megindeilda	5
Lykiltölur úr samstæðureikningi	8
Ársreikningur	9
Áritun óháðra endurskoðenda	10
Skýrsla stjórnar	11
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Sjóðstreymi	15
Skýringar með ársreikningi	16
Félagsdeildir og formenn	30
Starfshættir SS	31

ÁVARP FORSTJÓRA

Rekstur Sláturfélagsins fyrir fjármagnsliði gekk betur á liðnu ári en mörg undanfarin ár. Staða félagsins á mörkuðum er sterk og hagræðing liðinna ára hefur skilað sér. En vegna gengisfalls íslensku krónunnar og hás vaxtastigs voru fjármagnsliðir ársins 2008 gríðarlega háir og orsökðu mikið tap á félaginu.

Hvert fyrirtækið af öðru hefur fallið undanfarið. Ekki endilega af því að eigið fé þeirra hefur verið uppuríð heldur vegna þess að þau hafa komist í greiðsluprot.

Fyrir um ári síðan mátti sjá að erfið staða á fjármála- og lánsfjármörkuðum væri ekki að taka enda. Þá var gengið í að tryggja greiðslustöðu Sláturfélagsins með lengingu á lánum og frestun afborgana. Vel tókst til og er Sláturfélagið án allra stærri afborgana fram á mitt ár 2010. Reikna má með að fyrir þann tíma verði gengislækkun íkr. að verulegu leyti gengin til baka og þá jafnframt það gengistap sem fram kemur í reikningum ársins 2008.

Í nóvember síðastliðinn var afgreiðsludeild Sláturfélagsins flutt frá Reykjavík í nýbyggingu við verksmiðju félagsins á Hvolsvelli. Góður undirbúningur og samstaða starfsfólks skilaði miklum árangri og engin truflun varð á vörudreifingu. Ljóst er að þessi breyting skilar mikilli hagræðingu og ávinningi umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir.

Á árinu 2009 verður fjárfestingum haldið í lágmarki en áhersla lögð á innri þætti. Aukna skilvirkni og nýjar áherslur í stjórnun sem gera fyrirtækið samkeppnisfærara og hæft til að verja leiðandi stöðu sína.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.

AFKOMA ÁRSINS

Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjaráðs hf.

Á árinu 2008 var tap af rekstri Sláturfélags Suðurlands 1.555,0 mkr. en 132,7 mkr. hagnaður árið áður. Neikvæð breyting í afkomu milli ára stafar fyrst og fremst af gengistapi erlendra lána samstæðunnar og háu vaxtastigi.



Rekstrartekjur Sláturfélagsins á árinu 2008 voru 6.605,2 mkr. en 5.472,4 mkr. árið áður. Velta félagsins jókst því um 20,7% frá fyrra ári. Hækkun rekstrartekna umfram verðlagsbreytingar skýrist að mestu leyti af magnaukningu í kjötsölu og tilbúnum áburði.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.448,3 mkr. og hækkaði um 35,7% frá fyrra ári. Laun og tengd gjöld námu 1.593,1 mkr. og hækkuðu um 7,6% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 1.142,1 mkr. og hækkuðu um 11,9% frá fyrra ári. Afskriftir voru 374,3 mkr. en voru 239,3 mkr. árið áður sem stafar af hækkuðum afskrifta og niðurfærslu á viðskiptavild.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 125,1 mkr. en var 225,9 mkr. árið áður. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 1.840,6 mkr. en árið áður 123,5 mkr. Gengistap nam 1.567,4 mkr. samanbúið við 8,8 mkr. árið áður. Sala hlutabréfa var engin á árinu en hagnaður af sölu hlutabréfa árið áður var 4,2 mkr. Hlutdeild í afkomu hluteldarfélaganna var jákvæð um 0,1 mkr. en árið áður um 24,6 mkr. Reiknaður er tekjuskattur til tekna að fjárhæð 160,4 mkr. en var 1,5 mkr. árið áður. Tap af rekstri ársins var 1.555,0 mkr. en 132,7 mkr. hagnaður árið áður.

Í árslok 2008 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 6.247,8 mkr. og hækkuðu um 38,0% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 3.922,1 mkr. og hækkuðu um 32,1%. Veltufjármunir voru 2.325,7 mkr. og höfðu hækkað um 49,2%.

Eigið fé var 1.005,9 mkr. og hafði lækkað um 37,7% eða 607,9 mkr. Eiginfjárhlutfall í lok ársins 2008 var 16,1% en var 35,6% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 3.854,9 mkr. og skammtímaskuldir voru 1.387,1 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 22% voru skammtímalán, 62% voru langtímalán og skuldbindingar, og eigið fé 16%. Veltufjárhlutfall var 1,7 í árslok 2008, en var 1,8 í árslok 2007. Arðsemi eigin fjár var neikvæð um 118,7% á árinu 2008, en jákvæð um 8,4% árið 2007.


Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 458,2 mkr. á árinu, en fyrir 680,1 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 206,8 mkr., þar af 98,4 mkr. vegna nýrrar vörudreifingar á Hvolsvelli, 170,3 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum og 81,1 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir varanlegir rekstrarfjármunir fyrir 253,7 mkr.

Veltufé frá rekstri var 343,5 mkr. árið 2008, samanborið við 337,6 mkr. árið 2007.

Í árslok 2008 störfuðu 392 starfsmenn hjá Sláturfélaginu sem er fækkun frá árinu áður er þeir voru 407. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 497 á launaskrá. Unnin ársverk 2008 voru 437 og hafði fækkað um 4 frá árinu áður er þau voru 441.

Gengi hlutabréfa Sláturfélagsins var 2,00 í árslok 2008, svipað og í upphafi árs.

Sauðfjárslátrun
1907 – 2008



AFURÐIR

SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 20. ágúst og var slátrað 10.608 kindum. Þann 15. september hófst haustslátrun á Selfossi og lauk 8. desember. Haustslátrun var alls 92.723 kindur en önnur slátrun var 1.353 kindur. Alls var slátrað 106.684 kindum á árinu sem gera 1.706 tonn af innvegnum kjöti, og af þeim voru 5.490 kindur heimtekna. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,3 kg, en árið 2007 var hann sá sami.

Á árinu 2008 voru flutt út tæplega 345 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.263 tonn á móti 1.143 tonnum árið áður.

NAUT


Heildarslátrun nautgripa árið 2008 var 988 tonn af 6.010 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 40 tonn. Þetta er 63 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2008 var 954 tonn en var 899 tonn árið 2007.


Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2008 var 384,5 mkr. en var 349,0 mkr. árið 2007.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 4 tonn í árslok en árið áður voru birgðir 7 tonn.

Nautgripaslátrun
1907 – 2008



**Hrossaslátrun
1907 — 2008**



HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2008 var 316 tonn af 2.570 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 7 tonn. Þetta er 76 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2008 var 36,7 mkr. en var 22,0 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2008 var 326 tonn á móti 252 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 157 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok rúmlega 20 tonn en voru 18 tonn árið 2007.

SVÍN


Heildarslátrun svína árið 2008 var 935 tonn af 11.800 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 128 tonn. Þetta er 336 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 266,5 mkr. en var 161,6 mkr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2008 var 812 tonn sem er 260 tonnum meira en árið 2007.


Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru engar í árslok eins og árið áður.

**Svínaslátrun
1907 — 2008**



	Sláturfjöldi		Br. milli ára	
	2008	2007	Stk.	%
Sauðfé	106.684	104.974	1.710	1,6%
Nautgripir	6.010	5.404	606	11,2%
Hross	2.570	1.647	923	56,0%
Svín	8.554	7.747	807	10,4%
Kjúklingar	1.793.932	1.910.401	(116.469)	(6,1%)

**Kjúklingaslátrun
2004 — 2008**



KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2008 var 2.751 tonn. Þetta er 56 tonna minnkun í slátrun frá fyrra ári.

Heildarsala kjúklinga á árinu 2008 var 2.844 tonn sem er 76 tonnum meira en árið áður.

Birgðir kjúklinga í árslok voru 77 tonn en voru 127 tonn árið áður.

AFURÐADEILD

Félagið lagði sem fyrr áherslu á að greiða bændum samkeppnishæft verð fyrir afurðir sínar. Jafnvægi ríkti á framboði sláturgripa framan af ári, þótt greina mætti skort á nautgripum yfir sumartímann. Á haustdögum varð hinsvegar offramboð á nautgripum, svínunum og hrossum, sem orsakaði talsverða bið eftir slátrun nautgripa og hrossa og verðlækkun á svínunum.

Samstarf um útflutning á ferskum hrossaafurðum var þróað áfram og hefur leitt af sér vöxt á þeirri starfsemi. Stefnt er að frekari vexti á árinu 2009. Folaldaslátrun og ráðstöfun folaldaafurða jókst umtalsvert á árinu.

Sauðfjárslátrun jókst milli ára og stóð hún yfir í skemmri tíma en áður vegna dvinandi áhuga bænda á slátrun utan hefðbundinnar sláturtíðar. Afkastageta sláturhússins var verulega vannýtt fyrri hluta september, en á móti var mikil ásókn í slátrun seinni hluta mánaðarins og í október. Var því mætt með slátrun á laugardögum. Æskilegt er að endurskoða fyrirkomulag greiðslna gæðastýringarálags þannig að þær stuðli ekki að óhagræði í rekstri sláturhúsa, sem á endanum bitnar á bændum.

Talsvert var flutt út af fersku dillakjöti til Bandaríkjanna og tókst sá útflutningur vel af hálfu félagsins. Umfang þessara viðskipta varð hinsvegar ekki það sem vonir stóðu til og óvíst um framhaldið.

Auk Bandaríkjamarkaðs var dillakjöt flutt til Norðurlanda og Japans.

Stærstur hluti innmats og hausa er hirtur til manneldis. Hefðbundin slátursala tók mikinn kipp og áhugi fólks á slátri og sláturafurðum jókst umtalsvert í kjölfar efnahagshrunsins, enda um þjóðlegan, hollan og ódýran mat að ræða.

Mikil mildi var að ekki urðu slys á fólki eða umtalsverðar skemmdir á byggingum og búnaði félagsins á Selfossi af völdum jarðskjálftans í lok maí. Starfsemi stöðvarinnar raskaðist ekki, en tjón varð eigi að síður talsvert og unnið er að viðgerðum í samráði við Viðlagatryggingu Íslands.

Enn fara kröfur til þeirra sláturhúsa sem selja afurðir innanlands og flytja út á erlenda markaði vaxandi. Erlendir og íslenskir úttektarmenn voru reglulegir gestir á Selfossi á árinu og stóðst sláturhúsið allar þeirra kröfur.



KJÖTIÐNAÐUR

Framleiðsluvörur félagsins eru enn sem fyrr leiðandi á markaði og njóta trausts og virðingar meðal íslenskra neytenda. Kjötiðnaður félagsins nýtur góðs af þessu og sala gekk vel á þekktum framleiðsluvörum.

Vörubrún er stöðugt í gangi og á árinu litu margar nýjungar dagsins ljós. Nutu þær flestar velgengni hvort sem var á almennum neytendavörumarkaði eða á markaði stórnotenda.

Við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að fylgjast með breyttu neyslumynstri og svara kalli markaðarins fljótt og vel.

Mönnun kjötvinnslunnar einkenndist framan af ári af þensluástandi í þjóðfélaginu. Stór hluti starfsmanna er af erlendu bergi brotinn, en lykilstöður mannaðar fagfólki og fólki með áralanga reynslu úr iðnaðinum.

Fjárfest var í nýjum tækjabúnaði er miðar að því að halda kjötvinnslunni á Hvolsvelli áfram í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar.

Hinn 1. nóvember flutti afgreiðsludeild félagsins frá Fosshálsi í nýja viðbyggingu við kjötvinnsluna á Hvolsvelli. Ljóst er að þessi aðgerð hefur þegar skilað umtalsverðum árangri, sem sér stað í einfaldari verkferlum, bættri vörumeðhöndlun og lægri rekstrarkostnaði. Unnið er að uppsetningu fullkomins vöruhúsakerfis í afgreiðsludeildinni.

Kjötiðnaður félagsins stendur styrkum stoðum og það er metnaður félagsins að reka öflugustu og best tækjum búna kjötvinnslu landsins. Góður tækjabúnaður, gott hráefni, fagmennska, ásamt góðu starfsfólki skipar vinnslu félagsins á Hvolsvelli þann sess. Sömuleiðis er það metnaður félagsins að vörumerki þess njóti óskoraðs trausts neytenda og skv. skoðanakönnunum er sú raunin. Það er keppikefli félagsins að bjóða íslenskum neytendum hér eftir sem hingað til aðeins úrvals matvörur.

INNFLUTNINGUR

Matvöruhloti innflutningsdeildar jók hlutdeild sína á markaði enda mörg vörumerki deildarinnar vel þekkt á heimsvísu. Eftir flutning birgðahalds í vöruhótel eru deildinni engin takmörk sett til aukningar og er unnið markvist að því að auka umfang rekstursins.



Sala á tilbúnum áburði til bænda í samstarfi við Yara í Noregi jókst umtalsvert á árinu enda vörugæðin þekkt á meðal bænda. Áburðurinn er allur einkorna auk þess að vera hlaðinn nauðsynlegum auðanæringarefnum og snefilefnum sem nauðsynleg eru til að tryggja hámarks gæði og afrakstur uppskeru.

Innflutningur á kjarnfóðri í samstarfi við Dansk Landbrugs Growareselskab (DLG) jókst talsvert á árinu en undir lok ársins voru teknir í notkun 2 fóðurbílar í viðbót og eru þeir nú alls orðnir 3. Samfara þessari breytingu hófst innflutningur á alifuglafóðri til Reykjagarðs. Á árinu 2009 skapast síðan grundvöllur til að bjóða öðrum alifuglaræktendum úrvals fóður enda mikilvægt fyrir fóðurmarkaðinn að hafa fleiri valkosti en þá sem í boði hafa verið. Kjarnfóðursala fyrir kýr jókst talsvert milli ára og á árinu 2009 mun bændum í fleiri landshlutum gefast kostur á að kaupa DLG kjarnfóður enda nauðsynlegt að SS geti brugðist við þörfum þeirra bænda sem vilja gæðafóður á hagstæðu verði.

REYKJAGARÐUR HF

Rekstur félagsins var erfiður á árinu 2008 einkum vegna mikils fjármagnskostnaðar og kostnaðarhækkana vegna gengisfalls krónu. Verð á fóðri hækkaði mikið vegna erlendra hráefnishækkana og síðan vegna veikningar krónunnar. Framleiðsla dróst saman seinni hluta ársins vegna minni eggjaframleiðslu stofna. Til að mæta þessu var farið í sértækar aðhaldsaðgerðir með fækkun starfsfólks auk þess sem dregið var úr fjárfestingum og vöruval aðlagð að breyttu neyslumynstri. Í samstarfi við SS hóf Reykjagarður að nota innflutt danskt fóður frá DLG.

Horfur fyrir árið 2009 eru betri vegna jafnari stofnaframleiðslu, lækkandi verðbólgu og styrkingu krónu.

FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALÞUNGI DILKA

	2008		2007	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	4.179	15,8	3.540	16,3
Hörglandsdeild	3.927	14,6	3.857	15,2
Kirkjubæjarsdeild	5.861	15,9	6.000	15,9
Skaftártungudeild	4.214	15,2	3.721	15,0
Álftavers- og Meðallandsdeild	4.521	14,0	4.627	14,5
Hvamsdeild	3.175	16,1	3.315	15,8
Dyrhóladeild	3.009	14,4	2.958	14,6
A-Eyjafjalladeild	2.057	16,0	2.237	15,9
V-Eyjafjalladeild	3.704	14,9	3.815	15,1
A-Landeyjarsdeild	2.582	14,8	2.704	14,7
V-Landeyjarsdeild	3.133	14,5	3.271	14,7
Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild	5.190	15,2	5.418	15,2
Rangárvalladeild	4.225	15,1	4.324	15,0
Holta- og Landmannadeild	4.521	14,9	3.800	15,0
Ása- og Djúpársdeild	3.460	15,0	3.499	14,6
Gaulverjabæjarsdeild	433	15,9	394	16,3
Árborgarsdeild	756	16,4	712	16,8
Hraungerðisdeild	1.561	16,3	1.343	16,4
Villingaholtsdeild	1.110	16,3	1.303	15,9
Skeiðadeild	1.731	14,8	1.584	15,5
Gnúpverjarsdeild	1.816	17,0	1.823	17,1
Hrunamannadeild	4.160	15,8	4.113	16,0
Biskupstungnadeild	1.295	18,4	565	18,5
Laugardalsdeild	831	16,4	838	16,5
Grímsnesdeild	3.104	14,5	3.378	14,4
Þingvalla- og Grafningsdeild	4.002	15,5	3.745	14,5
Ölfusdeild	1.596	15,1	1.456	14,4
Kjósarsdeild	3.084	15,7	3.314	15,6
Hvalfjarðarsdeild	4.663	15,1	4.783	15,0
Borgarfjarðar- og Mýrarsdeild	6.209	15,2	5.910	15,0
Daladeild	5.585	15,9	5.644	15,3
Snæfells- og Hnappadalsdeild	4.646	16,0	4.795	15,6
Utan deilda	2.344	15,2	2.188	15,9

LYKILTÖLUR

Rekstur	Samstæða 2008	Samstæða 2007	Samstæða 2006	Samstæða 2005	Samstæða 2004
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur	6.605,2	5.472,4	5.043,1	4.866,5	4.434,7
Aðrar tekjur	77,7	34,4	41,3	27,9	10,4
Vöru- og umbúðanotkun	(3.448,3)	(2.540,3)	(2.505,8)	(2.500,4)	(2.210,4)
Laun og tengd gjöld	(1.593,1)	(1.480,4)	(1.298,6)	(1.178,7)	(1.110,4)
Annar rekstrarkostnaður	(1.142,1)	(1.020,9)	(897,5)	(800,4)	(809,5)
Afskriftir	(374,3)	(239,3)	(228,5)	(220,4)	(216,0)
Rekstrarhagnaður	125,1	225,9	154,0	194,5	98,8
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.840,6)	(123,5)	(158,7)	(48,5)	(24,4)
Hagnaður af sölu hlutabréfa	0,0	4,2	5,3	184,9	44,3
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0,1	24,6	22,8	12,5	(17,1)
Hagn. (tap) fyrir aðra liði	(1.715,4)	131,2	23,4	343,4	101,6
Tekju- og eignarskattur	160,4	1,5	0,0	0,0	(0,1)
Hagnaður (tap) ársins	(1.555,0)	132,7	23,4	343,4	101,5
Veltufé frá rekstri	343,5	337,6	364,5	355,3	144,7
Efnahagur 31. desember	2008	2007	2006	2005	2004
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	3.922,1	2.968,2	2.426,1	2.355,5	2.313,5
Veltufjármunir	2.325,7	1.558,9	1.309,9	1.222,2	1.335,5
Eignir samtals	6.247,8	4.527,1	3.736,0	3.577,7	3.649,0
Eigið fé	1.005,9	1.613,8	1.564,3	1.572,6	1.263,0
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	439,2	420,9	407,7	383,8	380,5
Langtímaskuldir og skuldbindingar	3.854,8	2.024,3	1.319,7	1.360,0	1.653,9
Skammtímaskuldir	1.387,1	889,0	852,0	645,1	732,1
Skuldir samtals	5.241,9	2.913,3	2.171,7	2.005,1	2.386,0
Eigið fé og skuldir samtals	6.247,8	4.527,1	3.736,0	3.577,7	3.649,0
Kennitölur					
EBITDA	499,4	465,2	382,5	414,9	314,8
Innra virði	2,3	3,8	3,8	4,1	3,3
Veltufjárhlutfall	1,7	1,8	1,5	1,9	1,8
Eiginfjárhlutfall	16%	36%	42%	44%	35%
Ársverk					
Unnin ársverk	437	441	430	415	431



Sláturfélag Suðurlands svf.

Ársreikningur samstæðunnar

2008

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjagarðs hf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit eiginfjárreikninga og sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2008, efnahag hennar 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ábending

Við viljum vekja athygli á skýringu 26 í ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi samstæðunnar við þær óvenjulegu aðstæður sem sköpuðust á fjármálamarkaði síðastliðið haust.

Kópavogur, 20. febrúar 2009

Benóní Torfi Eggertsson, endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson, endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Ég undirritaður, f.h. kjörinna skoðunarmanna Sláturfélags Suðurlands svf., hef farið yfir ársreikning þennan. Ég tel að hann sé í samræmi við lög og samþykktir félagsins og legg til að hann verði samþykktur.

Kristján Mikkelsen

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykjarðs hf. sem Sláturfélagið á að öllu leyti.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á árinu 2008 1.555 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 6.248 millj.kr., bókfært eigið fé samstæðunnar er í árslok 1.006 millj.kr. og eiginfjárlutfall er 16%. Í árslok 2008 voru fasteignir félagsins endurmetnar um 1.130 millj.kr. Endurmatið er byggt á verðmatsskýrslu Ferils ehf., verkfræðistofu.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 259 millj.kr. og eiga 2.227 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.230 árið áður. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 568 hluthafa og fjölgaði þeim um 1 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar, en tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs. Guðmundur A. Birgisson með 31,87% hlut og Ólafur Í. Vernerðsson með 22,76% hlut. Sláturfélag Suðurlands svf. á 9,96% hlut í B-deild stofnsjóðs eða 19,9 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárraikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að tap ársins verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins og að hvorki verði greiddur arður af B-deild né reiknaðir vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, en stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissupáttum sem félagið kann að mæta. Sláturfélagið fylgir ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallar um stjórnhætti fyrirtækja svo sem um óháða stjórnarmenn og kaupréttarákvæði, þar sem þær í veigamiklum atriðum, taka ekki mið af starfsháttum samvinnufélaga.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2009

Stjórn

Jónas Jónsson, formaður

Aðalsteinn Guðmundsson

Hallfreður Vilhjálmsson

Hreiðar Grímsson

Sigurlaug Jónsdóttir

Forstjóri

Steinþór Skúlason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur	3	6.605.264	5.472.435
Aðrar tekjur		77.706	34.421
Vöru- og umbúðanotkun		(3.448.296)	(2.540.366)
Laun og tengd gjöld	4	(1.593.112)	(1.480.379)
Annar rekstrarkostnaður		(1.142.088)	(1.020.914)
Afskriftir	10/12	(374.332)	(239.268)
Rekstrarhagnaður		<u>125.142</u>	<u>225.929</u>
Fjármunatekjur	6	93.395	82.009
Fjármagnsgjöld	7	(1.933.973)	(205.506)
Hagnaður af sölu hlutabréfa		0	4.176
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	13	<u>66</u>	<u>24.608</u>
(Tap) hagnaður fyrir skatta		(1.715.370)	131.216
Tekjuskattur	8	<u>160.390</u>	<u>1.515</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>(1.554.980)</u>	<u>132.731</u>
(Tap) hagnaður á hlut			
(Tap) hagnaður á hverja krónu útistandandi stofnsjóða	9	(3,62)	0,32

Fjárhæðir eru í þús. kr.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

Eignir	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10/11	3.804.309	2.723.110
Viðskiptavild	12	0	120.632
Eignarhlutar í félögum	13/14	95.564	101.224
Skuldabréfaeign	15	22.248	23.195
		<u>3.922.121</u>	<u>2.968.161</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	16	1.496.052	1.055.279
Skuldabréfaeign	15	5.520	4.542
Viðskiptakröfur	17	730.174	413.193
Aðrar skammtímakröfur	17	68.892	62.379
Handbært fé	17	25.035	23.558
		<u>2.325.673</u>	<u>1.558.951</u>
Eignir		<u>6.247.794</u>	<u>4.527.112</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild		259.142	240.822
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	18	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		97.164	97.164
Sérstakur endurmatsreikningur	12	960.317	0
(Ójafnað tap) Annað eigið fé		(649.925)	936.629
Eigið fé		<u>1.005.883</u>	<u>1.613.800</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	19	3.823.455	1.966.977
Tekjuskattsskuldbinding	20	0	11.987
Eftirlaunaskuldbinding	21	31.400	45.300
		<u>3.854.855</u>	<u>2.024.264</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	22	544.342	441.689
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	22	657.323	310.159
Næsta árs afborganir langtímaskulda	22	185.391	137.200
		<u>1.387.056</u>	<u>889.048</u>
Skuldir		<u>5.241.911</u>	<u>2.913.312</u>
Eigið fé og skuldir		<u>6.247.794</u>	<u>4.527.112</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

YFIRLIT EIGINFJÁRREIKNINGA

Eigið fé

	Stofnsjóður A- deild	Stofnsjóður B- deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Sérstakur endurmatsr.	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1.1.2007	227.671	180.074	159.111	87.340	0	876.763	1.530.959
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	6.312					(5)	6.307
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(7.504)						(7.504)
Vextir af stofnsjóði A-deildar	14.343					(15.937)	(1.594)
Arður af stofnsjóði B-deildar						(12.605)	(12.605)
Hagnaður ársins						98.237	98.237
Tillag í varasjóð				9.824		(9.824)	0
Eigið fé 31.12.2007	240.822	180.074	159.111	97.164	0	936.629	1.613.800
Tekjuskattinneign 1.1. leiðrétt						21.065	21.065
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	7.562					0	7.562
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(10.914)						(10.914)
Vextir af stofnsjóði A-deildar	21.672					(24.080)	(2.408)
Arður af stofnsjóði B-deildar						(28.560)	(28.560)
Sérstakt endurmat fasteigna					960.317	0	960.317
Tap ársins						(1.554.979)	(1.554.979)
Eigið fé 31.12.2008	259.142	180.074	159.111	97.164	960.317	(649.925)	1.005.883

Fjárhæðir eru í þús. kr.

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins		(1.554.979)	132.731
Afskriftir	10/12	374.333	239.268
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		1.699.078	10.155
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	2	(66)	(24.608)
Söluhagnaður fastafjármuna		(608)	(17.161)
Tekjuskattskuldbinding		(160.390)	(1.515)
Eftirlaunaskuldbinding		(13.900)	(1.300)
Veltufé frá rekstri		343.468	337.570
Vörubingðir, (hækkun)		(440.773)	(153.194)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, (hækkun)		(355.752)	(100.296)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun		369.305	91.290
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(83.752)	175.370
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(458.165)	(680.113)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		253.659	32.202
Breyting á eignarhlutum í félögum	13	(11.250)	(181.897)
Arður frá hlutdeildarfélögum	13	16.979	18.467
Skuldabréfaeign, breyting		13.154	20.375
		(185.623)	(790.966)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán við lánastofnanir, hækkun		102.653	182.713
Nýjar langtímaskuldir		374.025	819.484
Afborganir langtímaskulda		(171.505)	(371.579)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	18	(5.761)	(2.790)
Arður af stofnsjóði B-deildar	18	(28.560)	(12.605)
		270.852	615.223
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		1.477	(373)
Handbært fé í upphafi árs		23.558	23.931
Handbært fé í lok árs		25.035	23.558
Aðrar upplýsingar:			
		2008	2007
Innheimtar vaxtatekjur		98.351	82.863
Greiddir vextir		(194.291)	(202.581)
Greiddir skattar		0	0

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla og áburðar.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi I, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofu, markaðs- og sölueldir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS), sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu.

Nýir reikningsskilastaðlar og túlkánir

Á árinu 2008 hafa eftirfarandi nýir staðlar og túlkánir tekið gildi:

IAS 39 - Fjármálagæringar, skráning og mat

IFRIC 11 / IFRS 2 - Færslur vegna samstæðu og eigin hlutabréfa

IFRIC 12 - Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga

IFRIC 14 / IAS 19 - Takmörkun á réttindatengdum eignum, um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra

Innleiðing á ofangreindu hefur ekki leitt til neinna breytinga í reikningsskilum félagsins.

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa jafnframt margir staðlar og túlkánir verið samþykktir, en ekki tekið gildi. Nánar verður greint frá þeim í næsta ársreikningi. Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing þeirra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð samstæðureikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskyldu að fjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunartöku um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðgerð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði og að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnun einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfærð hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaþrósenta sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er félagið með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisrýrnun.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabili í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigutaka. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Útreikningur tekjuskatts byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 15%.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýta féluginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Kostnaðarverð að teknu tilliti til hrakvirðis er afskrifað á áætluðum nýtingartíma. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söluþegi. Stjórnendur yfirfara mat á hrakvirði og nýtingartíma á hverjum reikningsskiladegi.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbinding um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir. Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eftir aðferð virkra vaxta.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna rekstrar, en ekki markaðs- eða fjárfestingaverðbréf.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði og framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnað vegna framleiðslunnar. Hreint söluverði er áætlað söluverði í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á á þeirri virðisrýmun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

Starfsþáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar er einsleit og felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Starfsþáttayfirlit samstæðunnar er birt eftir landsvæðisskiptingu, en þar má sjá að langmestar tekjur samstæðunnar eru sala innanlands.

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir mörkuðum:

	2008	2007
Sala innanlands	6.294.518	5.275.519
Sala erlendis	310.746	196.916
	6.605.264	5.472.435

4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun	1.320.684	1.222.176
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	272.428	258.203
	1.593.112	1.480.379
Meðalfjöldi starfa	437	441

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Launakjör og lífeyrissjóður stjórnenda og eignarhlutur sundurliðast þannig.

	Laun, hlunnindi og tengd gjöld	Eignarhlutir í B-deild
Jónas Jónsson, stjórnarformaður	1.045	10
Aðalsteinn Guðmundsson, stjórn	523	32
Hallfreður Vilhjálmsson, stjórn	470	10
Hreiðar Grímsson, stjórn	470	104
Sigurlaug Jónsdóttir, stjórn	523	92
Steinþór Skúlason, forstjóri	22.783	1.172
Forstöðumenn megindeilda Sláturfélagsins og Reykjagarðs (fjórir)	53.986	0
	79.800	1.420

5. Þóknun til endurskoðenda

	2008	2007
Endurskoðun ársreiknings	4.592	3.877
Könnun árshlutareikninga	1.413	1.193
Önnur þjónusta	1.060	894
Kjörnir skoðunarmenn	272	264
	7.337	6.228

6. Fjármunatekjur

	2008	2007
Vaxtatekjur	87.330	68.673
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign	5.190	3.414
Arður af hlutabréfaeign	875	9.922
	93.395	82.009

7. Fjármagnsgjöld

	2008	2007
Vaxtagjöld	(62.785)	(39.468)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(303.775)	(157.239)
Gengismunur	(1.567.413)	(8.799)
	(1.933.973)	(205.506)

8. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2009 vegna tapreksturs og yfirfæranlegs skattalegs rekstrartaps hjá samstæðunni. Í rekstrarreikningi er reiknuð tekjuskattsinneign að fjárhæð 160,4 millj.kr. á móti reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu vegna sérstaks endurmats á fasteignum félagsins. Önnur tekjuskattsinneign er ekki reiknuð.

9. (Tap) hagnaður á hlut

(Tap) hagnaður á hverja krónu útistandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við stöðu A- og B-deildar stofnsjóða, að frádregnum eigin bréfum Sláturfélagsins í B-deildinni, í upphafi og lok ársins. Stofnsjóðirnir eru lagðir saman og er þannig fengin út meðalstaða þeirra og er meðalstöðu stofnsjóða síðan deilt upp í afkomu ársins. Hagnaður á hlut á árinu 2007 er 0,32 en á árinu 2008 er tap á hlut 3,62.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun 2007	2.918.736	2.138.890	157.559	5.215.185
Eignfært á árinu	455.519	188.496	36.098	680.113
Selt og aflagt á árinu	(54.389)	(15.045)	(48.573)	(118.007)
Staða í árslok 2007	3.319.866	2.312.341	145.084	5.777.291
Eignfært á árinu	206.769	170.337	81.060	458.166
Endurmat eigna	1.129.785	0	0	1.129.785
Selt og aflagt á árinu	(246.420)	(17.232)	(13.599)	(277.251)
Staða í árslok 2008	4.410.000	2.465.446	212.545	7.087.991
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun 2007	1.353.982	1.485.280	74.442	2.913.704
Afskrift ársins	84.801	139.642	14.825	239.268
Selt og aflagt á árinu	(45.594)	(15.045)	(38.152)	(98.791)
Staða í árslok 2007	1.393.189	1.609.877	51.115	3.054.181
Afskrift ársins	83.607	151.474	18.619	253.700
Selt og aflagt á árinu	0	(17.232)	(6.967)	(24.199)
Staða í árslok 2008	1.476.796	1.744.119	62.767	3.283.682
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun 2007	1.564.754	653.610	83.117	2.301.481
Bókfært verð í árslok 2007 / ársbyrjun 2008	1.926.677	702.464	93.969	2.723.110
Bókfært verð í árslok 2008	2.933.204	721.327	149.778	3.804.309
Afskriftarhlutföll	0-4%	0-20%	8-15%	

Meðal fasteigna í eignaskrá er eign í Danmörku sem fyrirhugað er að selja. Bókfært verð er um 21 millj.kr. og er áætlað söluverð nokkuð hærra. Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði um 22 millj.kr. sem ekki eru afskrifaðar.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	2.024.378	5.548.423
Vélar og tæki, eignatryggingar		2.271.164
Aðrar lausafjártryggingar		148.757
Rekstrarstöðvunartrygging		1.859.811

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.713 millj.kr. í árslok 2008.

SKÝRINGAR

11. Endurmat eigna

Þar sem markaðsverð eða nýtingarverðmæti fasteigna er talið verulegra hærra en bókfært verð, er bókfært verð þeirra í ársreikningi hækkað og fært til samræmis við áætlað markaðsverð eða nýtingarverð. Fasteignirnar eru endurmetnar með hliðsjón af verðmati sem gert var af Ferli ehf. verkfræðistofu. Er endurmatshækkunin um 63% af mati Ferils. Matsbreytingin 1.130 millj.kr. er færð til hækkunar á bókfærðu verði fasteigna og á sérstakan endurmatreikning meðal eigin fjár, að frádreginni reiknaðri 15% tekjuskattskuldbindingu.

12. Viðskiptavild

	31.12. 2008	31.12. 2007
Bókfært verð í ársbyrjun	120.632	0
Eignfært á árinu	0	120.632
Virðisýrjun vegna Reykjagarðs hf.	(120.632)	0
Bókfært verð í árslok	0	120.632

13. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Reykjagarður hf, Reykjavík	100,00%	100.000	Sala á kjúklingum
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Hollt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	8.000	Sala á salati
Birtill ehf., Reykjavík	50,00%	5.000	Innflutningur
Förgun ehf., Selfoss	38,40%	7.000	Förgun á úrgangi
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum

Á árinu nam innborgað hlutfé til hlutdeildarfélaga um 11,3 millj.kr. Hagnaður af félögum sem eru hlutdeildarfélög nam 0,1 millj.kr. á árinu 2008. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 17,0 millj.kr. á árinu 2008. Starfsemi Guldross AS var hætt á árinu 2008. Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði að teknu tilliti til mats á virði þeirra.

14. Eignarhlutar í félögum

	31.12 2008	31.12. 2007
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	81.890	87.550
Eignarhlutar í öðrum félögum	13.674	13.674
	95.564	101.224

15. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	31.12 2008	31.12. 2007
Staða í ársbyrjun	27.523	46.547
Ný bréf á árinu	5.763	4.010
Innborganir á árinu	(8.775)	(24.282)
Verðbætur	3.070	1.248
Staða í árslok	27.581	27.523
Næsta árs afborgun	(5.333)	(4.328)
	22.248	23.195

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	Vextir í %	2008	2007
Verðtryggð bréf	4,1-10,0%	18.252	21.678
Óverðtryggð bréf	22,1%	9.329	5.845
Staða í árslok		27.581	27.523

16. Vörubirgðir

	31.12.2008	31.12.2007
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	1.013.927	828.635
Rekstrarvörur	105.392	73.670
Ýmsar birgðir	376.733	152.974
	1.496.052	1.055.279
Tryggingaverðmæti birgða	1.496.052	1.055.279

17. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2008	31.12.2007
Innlendar viðskiptakröfur	762.330	444.649
Áætluð virðisrýrnun krafna	(32.156)	(31.456)
	730.174	413.193

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2008	31.12.2007
Fyrirframgreiddur kostnaður	9.689	13.877
Virðisaukaskattur	39.564	17.499
Aðrar kröfur	19.639	31.003
	68.892	62.379

Handbært fé

	31.12.2008	31.12.2007
Sjóður og bankainnstæður	25.035	23.558

18. Eigið fé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta A- deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B- deild sem er mynduð með sölu að hlutum í þeirri deild. Í A- deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundraðshluti af viðskiptaupphæð hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar.

Stofnsjóður A-deild greinist þannig:	31.12.2008	31.12.2007
Stofnsjóður í ársbyrjun	240.822	227.671
Vextir af stofnsjóði A-deildar	21.672	14.343
Stofnsjóðsgreiðslur í A-deild	(3.352)	(1.192)
	259.142	240.822

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Stofnsjóður B-deild greinist þannig:	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok	(9,96%)	(19.926)
	90,04%	180.074

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins 2008 var greiddur út 15,86% arður af B-deild, 28,6 millj.kr. og reiknaðir 10% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, 24,1 millj.kr.

19. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir í %	31.12.2008	31.12.2007
Skuldir í CHF	4,3-6,6%	934.994	381.566
Skuldir í EUR,	2,0-8,6%	842.742	352.642
Skuldir í JPY	2,4-4,6%	818.854	285.370
Skuldir í USD	2,7-7,0%	447.170	281.439
Skuldir í GBP	4,0%	16.456	12.811
Skuldir í CAD	4,8%	57.039	0
Skuldir í myntkörfu	2,4-8,6%	88.249	19.215
		3.205.504	1.333.043
Verðtryggð lán í ÍSK	6,0-9,7%	799.180	771.135
Óverðtryggð lán í ÍSK	13,6%	4.162	0
		4.008.846	2.104.178
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(185.391)	(137.201)
Langtímaskuldir í árslok		3.823.455	1.966.977

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldir við lánastofnanir	3.889.656	2.052.706
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga	88.249	19.215
Skuldir við aðra	30.941	32.257
	4.008.846	2.104.178

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Afborganir 2009/2008	185.391	137.201
Afborganir 2010/2009	643.307	118.431
Afborganir 2011/2010	534.957	316.547
Afborganir 2012/2011	178.504	268.989
Afborganir 2013/2012	1.137.257	105.031
Afborganir síðar	1.329.430	1.157.979
	4.008.846	2.104.178

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

20. Frestaður skattur

	31.12.2008	31.12.2007
Staða í ársbyrjun	11.987	0
Leiðrétt tekjuskattinneign 1.1. 2008	(21.065)	0
Tekjuskattsskuldbinding vegna kaupa á Reykjagarði hf.	0	13.502
Tekjuskattsskuldbinding vegna sérstaks endurmats fasteigna	169.468	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2008	(160.390)	(1.515)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008	0	0
Staða í árslok	0	11.987

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	179.052	0
Yfirfæranlegt tap	(179.052)	11.987
	0	11.987

21. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við þrjá fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 31,4 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2019.

22. Aðrar peningalegar skuldir

Skuldir við lánastofnanir

	31.12.2008	31.12.2007
Skammtímaskuldir við banka	491.920	430.182
Áfallnir vextir langtímalána	52.422	11.507
	544.342	441.689

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	31.12.2008	31.12.2007
Viðskiptaskuldir	511.846	170.251
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda	89.254	40.411
Ógreitt vegna virðisaukaskatts	0	69.116
Ýmsar skuldir	56.223	30.381
	657.323	310.159

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldir við lánastofnanir	147.724	119.471
Fjármögnunarleigusamningar	32.709	13.433
Aðrar langtímaskuldir	4.958	4.296
	185.391	137.200

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

23. Viðskipti tengdra aðila

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:	Eignarhlut	Keytar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Viðskipta- staða 31.12.
Hollt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	18.694	30.714	1.417
Birtill ehf., Reykjavík	50,00%	(222)	0	(4.669)
Förgun ehf., Selfoss	35,00%	21.023	2.276	22
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	3.138	12.448	136

Um er að ræða sölu á vörum og þjónustu milli aðila og greiðast reikningar mánaðarlega.

24. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Vaxtaáhætta

Fjármögnun félagsins byggist að mestu leyti upp á langtímaskuldum sem bera breytilega vexti. Félagið býr því við þá áhættu að hækkandi vextir muni leiða til hækkunar á vaxtakostnaði vegna fjármögnunar.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 25 og 50 punkta hækkun vaxta á nettó vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	2008		2007	
	25 pkt	50 pkt	25 pkt	50 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé í þús.kr.	(11.251)	(22.502)	(4.568)	(12.451)

Gengisáhætta

Stærstur hluti af fjármögnun félagsins er í erlendri mynt en á móti erlendri fjármögnun á félagið einnig banka-innstæður í erlendri mynt. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi taka til kaupgengis en ársflókt er reiknað út frá meðalgengi.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársbreyting
	2008	2007	2008	2007	2008
EUR	169,50	90,95	127,46	87,60	86,38%
GBP	175,00	124,0	159,35	128,1	41,15%
JPY	1,336	0,552	0,863	0,544	142,20%
CHF	113,60	54,96	80,69	53,33	106,73%
DKK	22,74	12,19	17,09	11,76	86,50%
NOK	17,25	11,41	15,41	10,94	51,16%
USD	120,58	61,85	88,07	64,00	94,95%

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Gengisáhætta 31.12.2008

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR	30.492	958.463	(927.971)
GBP	57	16.485	(16.428)
JPY	147	827.457	(827.310)
CHF	89	948.421	(948.332)
DKK	13.408	34.385	(20.977)
NOK	305	133.268	(132.963)
CAD	465	57.370	(56.905)
USD	12.864	452.734	(439.870)
	57.827	3.428.583	(3.370.756)

Gengisáhætta 31.12.2007

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR	17.942	375.846	(357.904)
GBP	135	12.812	(12.677)
JPY	287	286.558	(286.271)
CHF	136	383.778	(383.642)
DKK	27	607	(580)
NOK	1.808	0	1.808
USD	36	284.579	(284.543)
	20.371	1.344.180	(1.323.809)

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting þeirra undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar um 2,5% og 5% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé í þús.kr.

	2008		2007	
	2,5%	5%	2,5%	5%
EUR	(19.023)	(38.047)	(7.337)	(14.674)
GBP	(337)	(674)	(260)	(520)
JPY	(16.960)	(33.920)	(5.869)	(11.737)
CHF	(19.441)	(38.882)	(7.865)	(15.729)
DKK	(430)	(860)	(12)	(24)
NOK	(2.726)	(5.451)	37	74
USD	(9.017)	(18.035)	(5.833)	(11.666)
CAD	(1.167)	(2.333)	6	11
	(69.101)	(138.202)	(27.133)	(54.265)

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Útlánaáhætta

Stefna félagsins varðandi útlánaáhættu er sú að að hafa þætti sem hana varða í eðlilegu samhengi við heildarefnahag félagsins. Gagna er aflað um skuldara eins og mögulegt er áður en til útlána er stofnað en útlán eru tryggð þegar talin er ástæða til þess.

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú staða sem er sundurliðuð hér að neðan.

Sundurliðun á eignum sem tengjast útlánaáhættu í þús.kr.

	Bókfærð staða	
	31.12.2008	31.12.2007
Skuldabréfaeign	27.768	27.737
Viðskiptakröfur	730.174	413.193
Aðrar kröfur	68.892	62.379
Handbært fé	25.035	23.558
	<u>851.869</u>	<u>526.867</u>

Lausafjárahætta

Eftirfarandi er yfirlit yfir lausafjárstöðu félagsins um áramót. Þrátt fyrir að birgðir séu ekki meðal lausafjár er rétt að hafa í huga að birgðastaða félagsins er mjög misjöfn eftir mánuðum og birgðir eiga eftir að lækka verulega fram á haustið, þegar næsta sláurtíð hefst.

	Innan árs	2-5 ár	Eftir 5 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2008				
Vaxtaberandi skuldir	729.733	2.494.025	1.329.430	4.553.188
Aðrar skuldir, óvaxtaberandi	657.323	0	0	657.323
	<u>1.387.056</u>	<u>2.494.025</u>	<u>1.329.430</u>	<u>5.210.511</u>
Eignir 31.12.2008				
Handbært fé	25.035	0	0	25.035
Viðskiptakröfur	730.174	0	0	730.174
Aðrar kröfur	68.892	0	0	68.892
Skuldabréfaeign	5.520	5.469	16.779	27.768
	<u>829.621</u>	<u>5.469</u>	<u>16.779</u>	<u>851.869</u>
Nettó staða 31.12.2008	<u>(557.435)</u>	<u>(2.488.556)</u>	<u>(1.312.651)</u>	<u>(4.358.642)</u>
Skuldir 31.12.2007				
Vaxtaberandi skuldir	578.889	808.998	1.157.979	2.545.866
Aðrar skuldir, óvaxtaberandi	248.299	0	0	248.299
	<u>827.188</u>	<u>808.998</u>	<u>1.157.979</u>	<u>2.794.165</u>
Eignir 31.12.2007				
Handbært fé	23.558	0	0	23.558
Viðskiptakröfur	413.193	0	0	413.193
Aðrar kröfur	62.379	0	0	62.379
Skuldabréfaeign	4.542	8.561	14.634	27.737
	<u>503.672</u>	<u>8.561</u>	<u>14.634</u>	<u>526.867</u>
Nettó staða 31.12.2007	<u>(323.516)</u>	<u>(800.437)</u>	<u>(1.143.345)</u>	<u>(2.267.298)</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

25. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga vegna bifreiða sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Eftirstöðvar samninganna í árslok 2008 nema 38,3 millj.kr. og koma um 20,1 millj.kr. til greiðslu á næsta ári.

26. Rekstrarhæfi

Við fall bankanna síðastliðið haust sköpuðust óvenjulegar og sérstakar aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008, settum 6. október 2008. Í framhaldi af því hefur fjárhagsstaða Sláturfélagsins og samstæðunnar versnað vegna mikillar veikingar íslensku krónunnar þar sem skuldir samstæðunnar við lána- stofnanir eru að stærstum hluta í erlendri mynt. Samstæðan er í skilum með öll sín lán og við lánadrottna samstæðunnar. Næsta árs afborgum langtímalána er um 185 millj.kr. Samstæðan er með góða lausafjárstöðu í árslok 2008 og ágætt veltufé frá rekstri á árinu 2008. Ef lausnir stjórnvalda á Íslandi í peningamálum, sem verið er að vinna að, leiða til venjulegrar stöðu í rekstri fyrirtækja á Íslandi er að mati stjórnenda félagsins flest sem bendir til þess að hægt verði að reka félagið til framtíðar.

27. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 20. febrúar 2009.

FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2008

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD	Guðbrandur Magnússon, Syðri-Fljótum
HVAMMSDEILD	Jónas Erlendsson, Fagradal
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamyri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐAR OG HVOLHREPPSDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
RANGÁRVALLADEILD	Þórir Jónsson, Selalæk 3
HOLTA- OG LANDMANNADEILD	Stefán Sigurðsson, Þjóðólfsaga
ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD	Birkir Ármannsson, Brekku
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
ÁRBORGARDEILD	Björn Harðarson, Holti
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLOTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Ingvar Hjálmarsson, Fjalli 2
GNÚPVERJADEILD	Hörður Harðarson, Laxárdal
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I
BISKUPSTUNGNADEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Tómas Brandsson, Ormsstöðum
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Halldór Kristjánsson, Stíflisdal
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Hvammi
KJÓSARDEILD	Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
HVALFJARÐARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum I
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
DALADEILD	Kjartan Jónsson, Dunki
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Sigurður Þ. Helgason, Hraunholtum

STARFSHÆTTIR SS

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.



Sláturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík